

79
21. okt.

REGLUGJÖRÐ

um

innkaupsreikninga fyrir erlendan varning.

1. gr.

Frá 1. febr. 1926 að telja, skal á sjerhverjum innkaupsreikningi yfir vörur, sem fluttar eru hingað til landsins, og sýna ber lögreglustjóra eða póstmanni vegna tollgreiðslu, vera tilgreind tegund umbúða, stykkjatala, merki á stykkjunum og þyngd stykkja fyrir vörusendingu þá, er reikningurinn hljóðar um. Á reikningnum skulu vera taldar allar þær vörur, sem sendar eru í stykkjum þeim, er tilgreind eru á honum og þær skulu allar taldar með fullu því verði, sem kaupanda eða móttakanda ber að greiða fyrir þær.

Á reikningum skal vera vottorð seljanda, undirritað af honum sjálfum eða af einhverjum þeim, er samkvæmt lögum í landi sendanda hefir rjett til að rita firma hans, um að stykki þau, er þar eru talin, hafi ekki aðrar eða meiri vörur inni að halda en þær, sem reikningurinn hljóðar um, og að allar vörur á reikningnum sjeu taldar með fullu því verði, sem kaupanda eða móttakanda ber að greiða fyrir þær.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugjörðar varðar móttakanda vörunnar sektum frá 10 til 1000 kr.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 3 frá 1. apr. 1924 um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, vegna framkvæmdar á þeim lögum, og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 21. okt. 1925.

Jón Þorláksson.

Gísli Ísleifsson.